

Föstudaginn 1. mars 1996.

Nr. 74/1996.

Véltjórafélag Íslands

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Vitni. Sönnunarfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 1. febrúar 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilað að leiða fyrir dóm til skýrslugjafar sem vitni í máli sóknaraðila á hendur honum þá Ara Skúlason, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands, Guðmund Gunnarsson, formann Rafiðnaðarsambands Íslands, Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóra Samiðnar, Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sævar Gunnarsson, formann Sjómannasambands Íslands, og Björn Grétar Sveinsson, formann Verkamannasambands Íslands. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um að fá að leiða áður talda menn sem vitni í málinu, svo og, að varnaraðila verði gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Í málinu leitar sóknaraðili dóms um skyldu varnaraðila til að greiða sér tiltekna fjárhæð, sem sóknaraðili telur svara til hlutdeildar sinnar í eignum varnaraðila samkvæmt reikningum hins síðarnefnda frá 30. september 1991. Á málið rætur að rekja til þess, að sóknaraðili gekk úr félagasambandi varnaraðila 1. ágúst 1991.

Samkvæmt héraðsdómsstefnu reisir sóknaraðili kröfur sínar eink-

um á því, að hann hafi sem aðildarfélag að varnaraðila, sem sé samband almennra félaga, öðlast við útgöngu sína úr félagasambandinu tilkall til hlutdeildar í eignum þess. Ekki sé í lögum kveðið á um slíkt tilkall, en sóknaraðili vísar til meginreglna félagaréttar og eðlis máls og telur, að líta þurfi í þessum efnum til samþykktar varnaraðila, eðlis hans og uppbyggingar. Sóknaraðili telur, að í samþykktum varnaraðila verði einkum fundin stöð fyrir kröfum hans í ákvæði, þar sem mælt er fyrir um heimild stjórnar varnaraðila til að víkja aðildarfélagi úr félagasambandinu vegna nánar tilgreindra ávirðinga. Tekið sé fram í samþykktunum, að þegar þannig standi á, eigi aðildarfélagið enga kröfu á hendur varnaraðila eða tilkall til sjóða hans eða annarra eigna. Í samþykktunum sé á hinn bóginn ekki vikið að kröfu eða tilkalli aðildarfélags, sem hverfi úr félagasambandinu með öðrum hætti. Byggir sóknaraðili á því, að gagnálykta megi af fyrrgreindu ákvæði í samþykktunum um réttarstöðuna í síðastnefndu tilvikunum.

Varnaraðili mótmælir í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi réttmæti þeirrar ályktunar, sem sóknaraðili dregur samkvæmt áðursögðu af samþykktum varnaraðila. Bendir varnaraðili á, að ákvæðið um stöðuna við brottvikningu aðildarfélags úr sambandinu hafi fyrst komið inn í samþykktir hans á árinu 1965. Engar tiltækar heimildir bendi til, að ákvæðinu hafi verið ætlað að breyta réttarstöðu aðildarfélaga við úrsögn frá því, sem áður hafi gilt. Hafi með ákvæðinu fremur átt að árétta þá meginreglu, að einu gildi í þessum efnum, hvort aðildarfélag hverfi úr sambandinu að eigin frumkvæði eða vegna brottvikningar. Telur varnaraðili, að ákvæðið hafi líklega verið tekið upp til að samræma samþykktir hans við samþykktir annarra stéttarfélagasambanda.

Varnaraðili hefur í tengslum við framangreindar röksemdir lagt fram í málinu efnislega samhljóða fyrirspurnir, sem hann beindi bréflega í tilefni af málsókn sóknaraðila til Alþýðusambands Íslands, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sjómannasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands. Í bréfum þessum er í meginatriðum leitað svara við því, hvort ákvæði séu í samþykktum þessara samtaka um tilkall aðildarfélaga til eigna við útgöngu, hver séu viðhorf samtakanna til skýringar á slíkum ákvæðum, ef um þau er að ræða, og hvort á þau

hafi reynt, hvort mælt sé fyrir í samþykktum samtakanna um skyldu nýrra aðildarfélaga til greiðslu við inngöngu í þau og hvort ákvæði séu í samþykktum um meðferð eigna við slit samtakanna. Varnaraðili hefur lagt fram svarbréf frá öllum samtökunum nema Verkamannasambandi Íslands. Af svarbréfunum er að sjá, að hvergi eru ákvæði í samþykktum þessara samtaka um rétt aðildarfélaga til hlutdeildar í eignum við útgöngu úr þeim, ef frá er talið Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Segir í bréfi formanns þess, að samkvæmt samþykktum bandalagsins eigi aðildarfélag ekki rétt á að fá greiddan hlut af eignum bandalagsins við úrgöngu úr því.

Varnaraðili vill leiða fyrir dóm sem vitni forsvarsmenn áður nefndra stéttarfélagasambanda til að færa sönnur fyrir þeirri málástaðu sinni, að hvorki séu söguleg né lagaleg rök fyrir þeirri ályktun, sem sóknaraðili telur mega draga af fyrrgreindu ákvæði í samþykktum varnaraðila. Telur varnaraðili, að hvorki verði fundin stöð fyrir þeirri ályktun í samþykktum hans sjálfs né í samþykktum annarra stéttarfélagasambanda.

Sóknaraðili mótmælir, að umrædd skýrslugjöf fari fram, og er meginatriðið í röksemdum hans fyrir mótmælunum getið í hinum kærða úrskurði. Sóknaraðili hefur jafnframt lýst yfir, að hann mótmæli ekki fram lögðum bréfum frá fyrrgreindum stéttarfélagasamböndum sem óstaðfestum, en hins vegar telji hann efni bréfanna málinu með öllu óviðkomandi.

II.

Af 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991 verður ályktað, að aðili að einkamáli megi færa þar sönnur fyrir umdeildu atviki með því að leiða fyrir dóm vitni, sem svari munnlegum spurningum um slík atvik af eigin raun. Að öðru leyti en þessu er ekki ráðgert í lögunum, að aðrir geti komið fyrir dóm til að gefa munnlega skýrslu í einkamáli en aðili þess, fyrirsvarsmaður hans eða maður, sem hefur verið kvaddur til mats eða skoðunar í tengslum við málið. Engin af þessum síðastgreindu ástæðum getur átt við um þá menn, sem deilt er hér um, hvort varnaraðili megi leiða fyrir dóm til skýrslugjafar.

Ágreiningsefni málsaðilanna, sem þeir deila hér um, hvort færa megi sönnur um með vitnisburði, lýtur að þessu leyti að skýringu á

samþykktum varnaraðila. Við þá skýringu getur skipt máli að leiða í ljós atvik að baki orðalagi samþykktanna. Varnaraðili hefur á hinn bóginn ekki byggt á því, að þeir menn, sem hann vill leiða fyrir dóm og eru nú í forsvari fyrir öðrum stéttarfélagasamböndum en Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, geti borið af eigin raun, hvað hafi vakað fyrir þeim, sem sömdu umdeilt ákvæði í samþykktum varnaraðila fyrir þremur áratugum, eða hvern skilning þeir, sem gengust undir ákvæðið við setningu þess, hafi mátt leggja í það. Eru því umræddir menn ófærir um að gerast vitni í málinu um atvik, sem varða forsögu samþykktu varnaraðila að þessu leyti eða forsendur fyrir setningu þeirra.

Í fram lögðum svörum stéttarfélagasambanda við áðurnefndum fyrirspurnum varnaraðila er greint frá nokkrum tilvikum, þar sem aðildarfélag innan þeirra hafi gengið úr samböndunum, og hvernig hafi þá farið um fjárhagslegt uppgjör. Af málalíbúnaði varnaraðila verður ekki ráðið, að hann beri fyrir sig þau atvik, að með þessu hafi orðið til venjuregla, sem megi beita sem réttarheimild í máli þessu og honum sé því þörf á að færa sönnur um, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Er þá einnig til þess að líta, að af gögnum málsins verður ekki heldur ráðið, að sóknaraðili hafi sérstaklega mótmælt frásögn um tilvik af þessum toga, sem er að finna í fram lögðum bréfum. Að þessu frágengnu verður að telja bersýnilegt, að til sönnunar í máli þessu sé til einskis að afla munnlegs álits fyrir dómi frá forsvarsmönnum stéttarfélagasambanda, sem eiga ekki aðild að málinu, um efni og skýringu þeirra eigin samþykktu eða hvernig þeir álíti, að brugðist yrði innan vébanda þeirra við atvikum hliðstæðum þeim, sem málsaðilar deila hér um. Verður varnaraðili því ekki heimilað að leiða menn fyrir dóm í þessu skyni, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðili hefur ekki rökstutt með viðhlítandi hætti, að honum geti af öðrum sökum en að framan greinir verið þörf á að leiða umrædda menn fyrir dóm til skýrslugjafar í tilgangi, sem getur samrýmst ákvæðum VI. og VIII. kafla laga nr. 91/1991. Verða því tekin til greina mótmæli sóknaraðila gegn því, að skýrslugjöf þessi fari fram í málinu.

Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Hafnað er kröfu varnaraðila, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, um að fá að leiða sem vitni í máli sóknaraðila, Vélstjórafélags Íslands, á hendur sér þá Ara Skúlason, Guðmund Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Ögmund Jónasson, Sævar Gunnarsson og Björn Grétar Sveinsson.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1996.

Í greinargerð stefnda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, er lýst yfir, að hann muni við aðalmeðferð málsins óska skýrslutöku af eftirgreindum mönnum: „... 3. Ara Skúlasynti, framkvæmdastjóra ASÍ, 4. Guðmundi Gunnarssynti, form. Rafiðnaðarsamb., 5. Þorbirni Guðmundssynti, frkvstj. Samiðnar, 6. Ögmundi Jónassynti, form. BSRB, 7. Sævari Gunnarssynti, form. Sjómannasambandsins, 8. Birni Grétari Sveinssynti, form. Verkamamb.“

Í þinghaldi 12. desember sl. var af hálfu stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, lýst yfir mótmælum gegn því, að framangreind vitni yrðu leidd. Jafnframt var lýst yfir því, að þeim skjölum, sem liggja frammi frá vitnunum, sé ekki mótmælt sem óstaðfestum.

Ekkert skjal liggur frammi frá Birni Grétari Sveinssynti eða Verkamannasambandi Íslands.

Í fram lögðu bréfi lögmanns stefnda til dómsins, dags. 22. desember 1995, segir: „... Til stendur að leiða vitnin sem lið í sönnunarfærslu stefnda um þá meginmálsástæðu sína, að hvorki séu til staðar söguleg né lagaleg rök fyrir gagnályktun stefnanda um tilvist tiltekinnar reglu, sem málatilbúnaður hans framar öðru hvílir á, hvorki í reglum stefnda sjálfs né í reglum annarra stéttarfélagasambanda hér á landi. . . .“

Við munnlegan flutning um ágreiningsefnið 18. f. m. kom fram sá meginrökstuðningur af hálfu lögmanns stefnanda, að lagaheimild skorti til að leiða tilgreind vitni, þar sem þeim væri ekki ætlað að bera um atvik þessa máls, heldur hvað séu skráðar reglur í félagasamtökum þeirra. Hann vísaði til 1. mgr. 51. gr. og 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Í 1. mgr. 51. gr., 1. mgr., h-lið, 80. gr. og 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 er getið skýrslna fyrir dómi um atvik máls. Lýtur fyrst talda ákvæðið að skyldu vitnis að koma fyrir dóm til að svara munnlega spurningum, sem er beint til þess um málsatvik.

Það er meginregla í réttarfarslöggjöf, að dómari skeri úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum, sem fram hafa komið í máli, hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Einnig er það meginregla í einkamálum, að aðilar afla sönnunargagna, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Í 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 er nýmæli: „Ef dómari telur bersýnilegt, að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar, getur hann meinað aðila um sönnunarfærslu.“ Segir í greinargerð, að regla þessi sé í samræmi við langvarandi venjur í framkvæmd.

Áréttað er, að í síðast töldu ákvæði laga um meðferð einkamála er ekki kveðið á um, að dómari skuli meina aðila sönnunarfærslu, sé gagn bersýnilega tilgangslaust. Að mati dómara er það eigi bersýnilegt, að vætti tilgreindra vitna séu tilgangslaus til sönnunar um málsatvik, sem aðilar reisa kröfur sínar á. Við skýrslugjöf er dómara skv. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 91/1991 ætlað að grípa í taumana, ef með þarf, m. a. til að koma í veg fyrir, að skýrslugjafar svari sýnilega tilgangslausum spurningum. Við efnismeðferð málsins verður sönnunargildi vitnaframburðarins metið.

Samkvæmt þessu eru eigi rök til að hafna óskum stefnda um skýrslugjöf fyrir dómi, sem um er deilt, og verður honum heimilað að leiða umrædd vitni við aðalmeðferð málsins.

Málkostnaður er ekki ákvarðaður í þessum þætti málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, er heimilt að leiða sem vitni við aðalmeðferð málsins Ara Skúlason, Guðmund Gunnarsson, Þorbjörn Guðmundsson, Ögmund Jónasson, Sævar Gunnarsson og Björn Grétar Sveinsson.